

Júlíus Oddsson (1899-1946), kaupmaður, útgerðarmaður og hreppstjóri.
Sigríður Jörundsdóttir (1911-1989), húsfreyja og kaupmaður

2005/5

Júlíus Oddsson fæddist 11.10.1899 í Hrafnavík í Hrísey, hann lést 23.10.1946. Faðir hans hét Oddur Sigurðsson f. 15.11.1874, d. 15.3.1940. Móðir hans hét Sigrún Jörundsdóttir f. 11.9.1878, d. 14.8.1955.

Júlíus stundaði nám við Gagnfræðaskólann á Akureyri 1915-17 en þegar skólahald lagðist þar niður frostaveturinn mikla 1918 flutti hann til Reykjavíkur og lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1921. Eftir útskrift vann hann í tvö ár í verslun Carls Höpfners en veiktist af berklum og lá á Vífilsstaðaspítala um skeið. Þegar hann hafði náð bata stofnaði hann verslun í Hrísey 1926 og rak hana til æviloka. Meðfram verslunarstörfum rak hann útgerð frá Hrísey. Hann sat í hreppsnefnd Hríseyjar, var hreppstjóri frá 1939 og sýslunefndarmaður Hríseyinga frá 1942 til dauðadags. Hann var formaður Útgerðarmannafélags Hríseyjar og hafði ýmis umboð á hendi, þ.á.m. Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda og var auk þess póst- og símstjóri Hríseyinga um árabil.

Júlíus kvæntist Sigríði Jörundsdóttur árið 1930. Þau eignuðust fjórar dætur en þrjár komust á legg, þær Jörgína, Heba og Sigrún.

Sigríður Jörundsdóttir fæddist 4.2.1911 að Botni í Þorgeirsfirði, hún lést 15.5.1989. Faðir hennar hét Jörundur Jörundsson f. 20.6.1885, d. 24.11.1961. Móðir hennar hét María Friðrika Sigurðardóttir 8.6.1888, d. 18.10.1940.

Sigríður bjó fyrstu árin í Þorgeirsfirði en eftir að fjölskyldan flutti til Hríseyjar bjó hún þar. Eftir lát Júlíusar tók Sigríður við verslunarrekstri manns síns og tók við starfi póst- og símstjóra. Ásamt því að reka heimili sitt og sjá um þrjár ungar dætur sínar og tengdamóður. 1949 fluttist Sigríður með dætur sínar og tengdamóður til Reykjavíkur til að auðvelda dætrunum skólagöngu. Þar lagði hún fyrir sig saumaskap en síðar verslunarrekstur og rak lengi verslunina Ósk, fyrst á Barónsstíg en síðan á Laugavegi.

Sigríður söng í kór Fríkirkjunnar í mörg ár og hafði yndi af mynd- og leiklist.

Seinustu starfsár sín vann hún í verslun hjá tengdasyni sínum og dóttur en hún hætti að vinna 65 ára gömul.

Þetta er eina afhendingin sem komið hefur frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
2. desember 2020

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

A-Júlíus Oddsson og Sigríður Jörundsdóttir

A-Júlíus Oddsson og Sigríður Jörundsdóttir

A	1	1	1948 - 1949	Fáein skjöl vegna innflutnings og gjaldeyrisleyfa tengd verslun Júlíusar Oddssonar í Hrísey.
A	1	2	1948 - 1949	Bréf Sigríðar Jörundsdóttur til Jörundar Oddssonar vegna gjaldeyris og innflutningsleyfa.
A	1	3	1949 - 1949	Bréf Sigríðar Jörundsdóttur til Póst- og símamálastjóra.